



**international**  
building global friendship

CISV educates and inspires action for a more just and peaceful world.

# JB Iceland – SÚFÍ

2. tbl. 1. árg.

8. September

## Nánari útskýring Mini Campa.

**SÚFÍ Camp – 9-13 ára**  
**JB Camp – 14 á árinu +**

Við í stjórninni höfum tekið ákvörðun að skipta unglingadeildinni okkar í tvo hluta, annars vegar SÚFÍ og hins vegar JB. Með þessu móti getum við einbeitt okkur að sitthvorum aldurshópnum þannig að allir fái sem mest út úr stafinu. SÚFÍ deildin mun einbeita sér að CISV leikjum og gefa krökkunum grundvöll til að læra meira um starfið á meðan JB (Junior Branch) deildin mun grafa dýpra í gildi CISV en á sama tíma hafa það alveg snarskemmtilegt saman. Við erum stolt af þessum breytingum og hlökkum til að byrja veturinn.



Mini camp veturinn '13-'14

## Næst á dagskrá

SÚFÍ camp – 19-21 September  
Leikskólinn Askja

JB Camp – 26-28 September  
Leikskólinn Askja

Pálínuboð – 2 Október



## Stjórn JB/SÚFÍ

Með Oddrúnu og Evu Jóu í stjórn eru þessir yndislegu CISV'arar. Þau ætla að hjálpa okkur í vetur að sjá um Mini Campana, og önnur activity sem við munum halda, og við erum rosalega spenntar að starfa með þeim. Þau hafa öll staðið sig vel í búðum á vegum CISV, hvort sem það er þátttakandi, JC eða fararstjóri.



Hæ ég heiti Andri og ég á yndislega stelpu sem heitir Pórey Lilja. Hún er að verða eins árs. Ég á mér mörg áhugamál en þau helstu eru skotveiði, hönnun og smíði á hlutum og auðvitað CISV. Fór í fyrstu sumarþinginu 11 ára '98 og líkaði svo vel að ég er ennþá í samtökunum! Ég er að læra hátækniverkfræði í Háskólanum í Reykjavík og hef verið að vinna sem aðstoðarmaður við rannsóknir þar. Svo hef ég aðeins of flippaðann smekk. Elska bíómyndir & tónlist frá Japan, Þýskalandi, Ítalíu og suður ameríku.



Ég heiti Hugu og fór í unglingsbúðir 2011. Ég er í MH og hef áhuga á tisku, CISV, snjóbretti, kvikmyndum og þáttum.



Ég heiti Salína og er nemandi við MR. Áhugamál mín eru að lesa, hlusta á tónlist og hitta vini mína.



Ég heiti Kristborg og er 18 ára nemi við MR. Ég hef gaman af hestamennsku og sveitalífi og fer í yoga. Ég á kisu sem heitir Snælda. Mér finnst gaman að hlusta á tónlist og skrifa menntaskólablöð (og kannski fleira hef ekki prófað). Ég elska CISV og allt sem tengist því.



Ég heiti Hans Alexander Margrétarson Hansen en þú mátt kalla mig Hansa. Ég er heimspekinemi, leiklistarnörd, bókaormur og atvinnu CISVari. Ég hef verið í CISV allt mitt líf og hef ekki hugsað mér að hætta nokkur tímann. Þegar ég er ekki í CISV velti ég fyrir mér tilgangi lífsins í holunni sem ég bý í í Kópavoginum, en henni deili ég með hundinum mínum og einum öðrum yndislegum CISVara. Uppáhalds liturinn minn er röndóttur.



Ég er 15 ára og hef ávallt verið mikið fyrir tónlist og góðan félagsskap. Ég er hjálpsamur, jákvæður og er mest fyrir fólk sem er með húnur og gaman að tala við. Þegar ég heyrði fyrst af CISV þá hljómað það bara svo vel að ég varð að taka þátt. Eftir mína fyrstu ferð varð ég jákvæðari, kom betur fram við aðra og fannst þetta vera hrein snilld. GO CISV.



## Hvað er Pálínuboð?

Sæl elsku vinir, við í stjórn unglिंगadeildarinnar viljum kynna inn nýjan hlut sem heitir Pálínuboð JB. Fyrir þá sem ekki vita fara Pálínuboð þannig fram að allir koma með eitthvað á borðið og svo gúffa allir í sig matnum. Við ætlum að hafa þetta fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði og hafa mismunandi þemu í gangi. Við munum búa til event í hverjum mánuði og tilkynna þar ný þemu. Mælum við eindregið með því að like-a JB Iceland SÚFÍ síðuna til að fylgjast með.

Þessi mynd er tekin í fyrsta Pálínuboði JB sem var fimmtudaginn 4. September. Frá vinstri eru það Oddrún, Eva Jóa, Hansi, Vala, Yrsa og Eyþór. Á myndina vantar þrjár stelpur, þær Sólveigu Svölu, Laufeyju og Hildi. Við hlökkum mikið til að sjá hópinn stækka í vetur!



Minnum á JB Iceland – SÚFÍ like síðuna  
<https://www.facebook.com/jbiceland>

# Nokkrar myndir frá síðasta vetri



iceland

building global friendship